

Miðvikudaginn 17. desember 1997.

Nr. 495/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Tryggva Sigfússyni

(Ragnar Tómas Árnason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Dómarar. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að hann verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Varnaraðili krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Krafa varnaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar er á því reist, að ekki fái samrýmst 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995, og 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, að dómarafulltrúi, eins og staða hans sé skilgreind í lögum, fari með gæsluvarðhaldsmál, þar sem kveðinn sé upp úrskurður um langvarandi frelssviptingu á grundvelli matskenndra skilyrða. Með 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, er dómarafulltrúum veitt viðhlítandi lagaheimild til að fara með og leysa úr kröfu um gæsluvarðhald. Sú heimild stenst tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála ásamt 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 5. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/

1995, sbr. dóma Hæstaréttar, sem birtir eru í dómasafni 1995 á bls. 1673 og 2172. Eru því ekki efni til að verða við kröfu varnaraðila um ómerkingu úrskurðarins.

Árásirnar, sem varnaraðila eru gefnar að sök, geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum. Fullnægt er því skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að sterkur grunur beinist að varnaraðila um þessi brot, en þau geta varðað fangelsi umfram það refsilágmark, sem greinir í síðastnefndu ákvæði. Í dómi Hæstaréttar 1. október sl. var fallist á það með sóknaraðila, að gæsluvarðhald yfir varnaraðila væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Sönnunargögn, sem aflað hefur verið eftir þann tíma, raska ekki því mati. Til þess verður hins vegar að líta, að ákæra hefur ekki enn verið gefin út á hendur varnaraðila, þótt hann hafi nú sætt gæsluvarðhaldi í nærfellt þrjú mánuði og rannsókn málsins virðist í flestum atriðum vera lokið. Sóknaraðili skýrir tafir í þessum efnum með vísan til þess, að nauðsyn beri til að afla niðurstaðna úr DNA-rannsókn á blóði úr þeim, sem fyrir árásunum urðu, í samanburði við blóð, sem fannst aðfaranótt 21. september sl. á ákærða, fatnaði hans og hnífi í vörslum hans. Að því gættu eru ekki næg efni til að láta nú lokið gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila, en sá tími, sem liðinn er frá ætluðum brotum hans, nægir hins vegar ekki einn, eins og hér er ástatt, til þess að gæsluvarðhald verði ekki lengur talið nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1997.

Ár 1997, mánudag 8. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómaraulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Tryggva Sigfússyni, kt. 210356-4019, Vesturvör 9, Kópavogi, verði gert að sæta áfram gæsluvarð-

haldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði er grunaður um að hafa aðfaranótt sunnudags 21. september sl. stungið tvær stúlkur með hnífi í Hafnarstræti með stuttu millibili, og hefur kærði sætt gæsluvarðhaldi frá 22. september sl.

Stúlkan, sem kærði er grunaður um að hafa stungið fyrr, fékk hnífinn í hjartastað, og þurfti hún að gangast undir hjartaaðgerð. Samkvæmt læknisvottorði kom í ljós, að hnífurinn hafði gengið inn í slegil hjartans og valdið ákafri blæðingu og blóðfyllingu í gollurshúsi undir miklum þrýstingi. Í læknisvottorði Gests Þorgeirssonar frá 27. október sl. kemur fram, að óljóst sé, hverjar langtímaafleiðingar áverkans á hjarta hennar kunni að verða og að ástæða þyki til að fylgjast vel með henni næstu vikur og mánuði. Stúlkan, sem kærði er grunaður um að hafa stungið eftir fyrri atlögu, var stungin framan á brjóstakassa, lítið eitt vinstra megin við bringubein, en áverkar hennar voru mun minni en hinnar stúlkunnar. Í læknisvottorði, dags. 24. september 1997, kemur fram, að hún muni að öllum líkindum hljóta skjótan bata að frátöldu andlegu áfalli, sem hún varð fyrir.

Nokkur vitni eru að framangreindum atburðum, og bera þau, að kærði hafi stungið báðar stúlkurnar umrædda nótt. Kærði hefur hins vegar neitað því að hafa stungið stúlkurnar, og í fyrrnefnda tilvikinu verður framburður hans einna helst skilinn á þann veg, að stúlkan hafi gengið á hnífinn, en í hinu síðarnefnda hafi múgæsing orðið til þess, að hann hafi nánast verið að verja sig með hnífnum.

Í þágu rannsóknar málsins hefur kærði sætt geðrannsókn. Samkvæmt henni komu ekki fram vísbendingar um persónuleikaröskun, hvorki andfélagslega né af öðrum toga. Er það mat geðlæknisins, að kærði hafi verið andlega miður sín, þegar atburðir þessir gerðust, og ekki getað gert sér fyllilega grein fyrir atburðarásinni. Hann hafi átt við þunglyndi að stríða undanfarin ár, en ekki hafi komið fram einkenni um aðra formlega geðsjúkdóma. Segir geðlæknirinn enn fremur, að raunveruleikamat kærða hafi verið með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur, þótt ölvun hafi sljóggað dómgreind hans á þeirri stundu, er umræddur verknaður varð.

Mál þetta hefur ekki enn verið sent ríkissaksóknara, þar sem enn er beðið eftir niðurstöðum DNA-rannsókna á blóði stúlkanna og blóði af höndum og klæðnaði kærða og hnífi þeim, sem kærði var með, er hann kom á miðborgarstöð lögreglunnar umrædda nótt.

Af gögnum málsins verður ótvírætt ráðið, að sterkur grunur er um, að kærði hafi framið þá verknaði, sem hér eru til rannsóknar. Þótt ósannað sé, að kærði hafi átt upptök að þeim átökum, sem voru undanfari þess, að

hann greip til hnífsins með fyrrgreindum afleiðingum, og einnig, þótt hnífurinn, sem kærði notaði, hafi ekki verið í eigu hans, verður ekki fram hjá því litið, að atlögunar, ef sannaðar verða, geta varðað kærða þungri fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómi Hæstaréttar frá 1. október 1997 var fallist á, að gæsluvarðhald yfir kærða væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, svo sem áskilið væri í 2. mgr. 103. gr., eins og hún yrði skýrð með tilliti til 5. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Gæsluvarðhald, sem úrskurðað er á grundvelli 2. mgr. 103. gr., stendur að jafnaði, þar til máli lýkur. Með vísan til framanritaðs og gagna málsins verður ekki talið, að nú séu fram komnar forsendur, er breytt geti fyrra mati á því, að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt til gæsluvarðhalds yfir kærða.

Samkvæmt því verður krafa lögreglustjórans í Reykjavík tekin til greina með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Tryggvi Sigfússon, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00.
